

## AUGLÝSING

### um myntútgáfu.

Á grundvelli laga um gjaldmiðil Íslands nr. 22 frá 23. apríl 1968, sbr. myntsamning rikissjóðs og Seðlabankans frá 21. október 1966, hefur Seðlabanki Íslands einkarétt til að láta slá og gefa út peninga úr málm.

Hinn 6. maí n. k. mun Seðlabankinn gefa út 10 króna pening með svofelldri gerð:

Peningurinn er 25 mm í þvermál og vegur 6.5 grömm. Málmhlutföll peningsins eru 75% kopar og 25% nikkell, sem skeikað getur um 1% innan nefndra hlutfalla. Peningurinn er með sömu myndum og eins og tveggja krónu peningar, sem í umferð eru. Rönd peningsins er slétt, gagnstætt því sem er um eins og tveggja króna peninga, sem eru með rifflaðri rönd. Á bakhlið peningsins er ártalið 1967 undir skjaldarmerki lýðveldisins.

Þetta er almenningi gert kunnugt hér með.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 29. apríl 1968.*

**Gylfi P. Gíslason.**

*Lúðvík Gizurarson.*

## AUGLÝSING

### um útgáfu nýs 500 króna seðils, samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands og lögum um gjaldmiðil Íslands.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 10 frá 29. marz 1961 og lögum um gjaldmiðil Íslands nr. 22 frá 23. apríl 1968, mun Seðlabankinn hinn 6. maí n. k. gefa út 500 króna seðil með svofelldri gerð:

Stærð seðilsins er 150 x 70 mm.

Aðallitur er grænn.

Efst á framhlið er prentað: „SEÐLABANKI ÍSLANDS“ og þar fyrir aftan í horninu talan 500 með upphleyptu letri og fyrir framan talan 500 tvisvar. Á miðju fyrir neðan nafn Seðlabanka Íslands er prentað í tveim línum „FIMM HUNDRUÐ KRÓNUR“ og í næstu línu þar fyrir neðan í einni línu „Samkvæmt lögum nr. 10, 29. marz 1961“. Þar fyrir neðan koma undirskriftir tveggja af þrem bankastjórum Seðlabankans, Jóhannesar Nordal, Sigtryggs Klemenzsonar og Davíðs Ólafssonar. Talan 500 er prentuð í vinstra og hægri horn seðilsins og neðst á seðlinum með smáu letri „Hannes Hafstein“ og þar fyrir aftan talan 500 átta sinnum. Númer hvers seðils er skráð vinstra megin ofantil og hægri megin neðantil. Fyrir framan hvort númer er skráð F. Til vinstri á framhlið er brjóstmynd af Hannesi Hafstein, ráðherra, og á hægri hlið vatnsmerki innan í hring með mynd af Sveini Björnssyni, forseta. Málmþráður gengur lóðréttur í gegnum seðilinn til vinstri við miðju framhliðar hans. Talan 500 í efra horni hægri megin á framhlið er upphleypt, svo að sjónþapurt og blint fólk geti áttað sig á stærð seðilsins.

Á bakhlið er mynd af fiskibát og áhöfn hans á veiðum, auk þess er talan 500 skráð í efra vinstra horn og neðra hægra horn bakhliðar seðilsins.

Þetta er almenningi gert kunnugt hér með.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 29. apríl 1968.*

Gylfi Þ. Gíslason.

*Lúðvík Gizurarson.*

## REGLUGERÐ

um mynda- og kvikmyndatöku af örnum, fálkum, snæuglum og haftyrðlum.

### 1. gr.

Mynda- og kvikmyndataka af örnum, fálkum, snæuglum og haftyrðlum við hreiður þeirra er óheimil nema leyfis ráðuneytisins hafi verið aflað fyrirfram, að fenginni umsögn fuglafriðunarnefndar.

### 2. gr.

Dvöl við hreiður umræddra fugla vegna athugana á lifnaðarháttum þeirra, til upptöku á hljóðum þeirra eða í öðrum þeim tilgangi, sem ætla má að geti valdið óæskilegum truflunum, skal og háð leyfi hliðstæðu því, sem um ræðir í 1. gr.

### 3. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá 2500—15 000 krónum.

### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 27. gr. laga nr. 33 1966. Öðlast hún þegar gildi og birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Menntamálaráðuneytið, 3. maí 1968.*

Gylfi Þ. Gíslason.

*Birgir Thorlacius.*

## AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga, nr. 24 frá 2. maí 1958, hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

### I. Aðalbrautir:

1. Hörgárbraut.
2. Glerárgata.
3. Skipagata frá húsinu nr. 8 að Hafnarstræti.